



HRUNAMANNAHREPPUR

13. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 6. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 10. JÚNÍ 2015

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2015, þann 10. júní kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 1 mál, Hvammsvegur. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindið fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Lögreglan á Suðurlandi: Samstarfsyfirlýsing um átak gegn heimilisofbeldi.
2. Fannborg ehf: Aðalskipulag Hrunamannahrepps.
3. Héraðsdómur Suðurlands: Girðing á Hrunaheiðum.
4. SASS: Tilnefning á fulltrúum vegna funda um svæðisskipulag á Suðurlandi.
5. Skipholtskrókur: Beiðni um framhald á rannsóknarleyfi.
6. Launalaust leyfi.
7. Reiðhöllin á Flúðum: Vígsluhátíð.
8. Leigusamningur um lóð undir hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum.
9. Uppgjörs- og verksamningur vegna Kerlingarfjalla.
10. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um undirbúning að gerð þjóðhagsáætlana til langs tíma.
11. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um skipulags- og mannvirkjamál á Reykjavíkurflogvelli.
12. Samband íslenskra sveitarfélaga: Umsögn um þingsályktunartillögu um landsskipulagsstefnu 2015-2026.
13. Stöðugreining á nýtinu íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu.
14. Samband Íslenskra sveitarfélaga: Fasteignaskattur á mannvirki í ferðaþjónustu.
15. Þjónustusvæði vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi. Fundargerð vorfundar frá 30. apríl s.l. Þjónustusamningur um málefni fatlaðs fólks.
16. Mýrarstígur 3. Forskaupsréttur.
17. Samband íslenskra sveitarfélaga: Skógræktarfélag Íslands.
18. Íþróttasamstarf: Drög að samningi við Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

19. Veitustjórn: Fundargerð 7. fundar nefndarinnar frá 8. júní s.l.
-liggur frammi á fundinum-
20. Umhverfisnefnd: Fundargerð 3. fundar nefndarinnar frá 8. júní s.l.
-liggur frammi á fundinum-

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:

21. Fundargerð 89. fundar skipulagsnefndar frá 13. maí s.l, og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 29. apríl s.l.
Mál nr. 26: Hvammsvegur. Aðalskipulagsbreyting.
Mál nr. 27: Kerlingarfjöll. Stofnun lóðar undir hálendismiðstöð.
Mál nr. 29: Afgreiðslur byggingafulltrúa frá 29. apríl.
22. Fundargerð 90. fundar skipulagsnefndar frá 28. maí s.l, og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 20. maí s.l.
Mál nr. 9: Hvammsvegur. Aðalskipulagsbreyting.
Mál nr. 10: Iðnaðarsvæði á Flúðum Aðalskipulagsbreyting vegna gámasvæðis
Mál nr. 11: Iðnaðarsvæði á Flúðum Deiliskipulag vegna gámasvæðis
Mál nr. 22: Afgreiðslur byggingafulltrúa frá 20. maí.
23. NOS: Fundargerð aukaaðalfundar frá 30. maí s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Fundargerð 491. fundar stjórnar frá 16. febrúar s.l.
- b. SASS: Fundargerð 492. fundar stjórnar frá 6. mars s.l.

- c. SASS: Fundargerð 493. fundar stjórnar frá 8. apríl s.l.
- d. SASS: Fundargerð 494. fundar stjórnar frá 8. maí s.l.
- e. Háskólafélag Suðurlands ehf: Fundargerð aðalfundar frá 20. maí s.l.

Kynningarmál:

- f. Orlof húsmæðra.
- g. Skólalþjónusta Árneshvíls: Könnun á líðan og heilbrigði nemenda í 5. bekk.
- h. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 828. fundar stjórnar frá 29. maí s.l.
- i. Stolt Sea Farm.
- j. Tæknisvið Uppsveita: Verkfundargerð nr. 1 vegna Högnastígs.
- k. Tæknisvið Uppsveita: Verkfundargerð nr. 2 vegna Högnastígs.
- l. Tæknisvið Uppsveita: Verkfundargerð nr. 3 vegna Högnastígs.
- m. Hitaveita Flúða: Skattamál.
- n. Samband íslenskra sveitarfélaga: Bréf frá stjórnendum tónlistarskóla.
- o. Skipulagsstofnun: Kostnaðarframlag vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps.
- p. Skipulagsstofnun: Hvammsvegur.
- q. Skipulagsstofnun: Mat á umhverfisáhrifum – C flokkur.
- r. Sunnlenski skóladagurinn 2016: Fundargerð hugarflugsfundar frá 27. apríl s.l.
- s. Umhverfisstofnun: Endurskoðun á samningi Umhverfisstofnunar og sveitarfélaga um refaveiðar 2014-2016.
- t. Varasjóður húsnæðismála: Lok verkefni um framlög til sveitarfélaga vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á almennum markaði.
- u. Landskerfi bókasafna: Fundargerð aðalfundar 2015.
- v. Samband íslenskra sveitarfélaga: „Best Practice“ samstarfsverkefni.
- w. Umhverfisstofnun: Óheimilar auglýsingar meðfram vegum og annars staðar utan þéttbýlis.
- x. Vegagerðin: Úthlutun úr styrkvegasjóði árið 2015.

Skýrslur á skrifstofu:

- y. Attentus, manauður og framkvæmd: Mat á framkvæmd laga um leik- og grunnskóla.
- z. Skipulags og byggingarfulltrúi Uppsveita bs: Ársreikningur 2014.
- aa. Hitaveita Grafarhverfis: Ársreikningur 2014.
- bb. Límtré Vírnet: Ársreikningur 2014.
- cc. Björgunarfélagið Eyvindur: Ársreikningur 2014.
- dd. Þjónusturáð Suðurlands: Árskýrsla 2014.
- ee. Háskólafélag Suðurlands ehf: Ársreikningur 2014.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **Lögreglan á Suðurlandi: Samstarfsyfirlýsing um átak gegn heimilisofbeldi.**
Oddviti kynnti beiðni frá Lögreglunni á Suðurlandi til sveitarfélaganna á Suðurlandi að beita sér fyrir sameiginlegu átaki gegn heimilisofbeldi í samvinnu við lögregluna á Suðurlandi. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að taka þátt í verkefninu í gegnum Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.
2. **Fannborg ehf: Aðalskipulag Hrunamannahrepps.**
Oddviti kynnti fyrirspurn frá Fannborg ehf vegna umsagnar HES vegna framkvæmda í Kerlingarfjöllum og tengsl við aðalskipulagið. Þá var óskað eftir því hvort ætti að leita samráðs við landbúnaðarnefnd vegna uppgræðsluhugmynda á svæðinu. Sveitarstjórn telur að fyrirhugaðar framkvæmdir Fannborgar ehf í Kerlingarfjöllum séu ekki í andstöðu við aðalskipulag Hrunamannahrepps. Þá telur sveitarstjórn að málið þurfi ekki að fara fyrir landbúnaðarnefnd.
3. **Héraðsdómur Suðurlands: Girðing á Hrunaheiðum.**
Oddviti kynnti niðurstöðu Héraðsdóms Suðurlands vegna mála tengdum girðingum á Hrunaheiðum.

4. **SASS: Tilnefning á fulltrúum vegna funda um svæðisskipulag á Suðurlandi.**
Oddviti kynnti ósk SASS um að Hrunamannarheppur skipi 2 fulltrúa úr sveitarstjórn í vinnuhóp sem fari nánar yfir mögulegt svæðisskipulag á Suðurlandi. Sveitarstjórn skipar Ragnar Magnússon, oddvita og Halldóru Hjörleifsdóttur, varaoddvita í vinnuhópinn.
5. **Skipholtsskrókur: Beiðni um framhald á rannsóknarleyfi.**
Oddviti kynnti beiðni frá Þórarni Þórarinssyni um áframhaldandi leyfi til rannsókna í Skipholtsskróki sumarið 2015 vegna leitar á hinum heilaga kaleik. Sveitarstjórn samþykkir erindið en óskar eftir því að skilað verði skýrslu til sveitarfélagsins um stöðu rannsóknarinnar.
6. **Launalaust leyfi.**
Oddviti kynnti beiðni frá Lilju Helgadóttur um launalaust leyfi í ár frá og með nk. ágúst mánuði. Sveitarstjórn samþykkir erindið með því skilyrði að það liggi fyrir eigi síðar en 1. apríl n.k. hvort hún hyggist halda áfram störfum. Sveitastjóra falið að ráða starfsmann til afleysinga tímabundið í ár.
7. **Reiðhöllin á Flúðum: Vígsluhátíð.**
Oddviti kynnti erindi frá stjórn Reiðhallarinnar á Flúðum vegna vígslu hallarinnar nk. október þar sem farið var fram á að skipaður yrði fulltrúi hreppsins í vígslunefnd. Sveitarstjórn skipar Sigurð Sigurjónsson sem fulltrúa sveitarfélagsins.
8. **Leigusamningur um lóð undir hálandismiðstöð í Kerlingarfjöllum.**
Oddviti kynnti samning um 6,14 ha lóð undir hálandismiðstöð í Kerlingarfjöllum milli Hrunamannahrepps og Fannborgar ehf með samþykki forsætisráðuneytisins f.h. íslenska ríkisins. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra/oddvita að undirrita hann.
9. **Uppgjörs- og verksamningur vegna Kerlingarfjalla.**
Oddviti kynnti uppgjörs- og verksamning milli Hrunamannahrepps og Fannborgar ehf vegna verkefna Fannborgar við eftirlit og landvörslu í Kerlingarfjöllum. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra/oddvita að undirrita hann.
10. **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um undirbúning að gerð þjóðhagsáætlana til langs tíma.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um þingsályktunartillögu um undirbúning að gerð þjóðhagsáætlana til langs tíma.
11. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um skipulags- og mannvirkjamál á Reykjavíkurlflugvelli.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um skipulags- og mannvirkjamál á Reykjavíkurlflugvelli. Sveitarstjórn telur að skipulagsvald sveitarfélaganna sé einn af hornsteinum þeirra. Hins vegar kunna að koma upp mál sem varða öll sveitarfélög á Íslandi þar sem hagsmunir eins sveitarfélags verða að víkja fyrir hagsmunum heildarinnar.
12. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Umsögn um þingsályktunartillögu um landsskipulagsstefnu 2015-2026.**
Oddviti kynnti umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um þingsályktunartillögu um landsskipulagsstefnu 2015-2026.
13. **Stöðugreining á nýtinu íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu.**
Oddviti fór yfir tillögu um að tekin yrði saman upplýsingar um nýtingu íbúðarhúsa í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að taka saman yfirlit um nýtingu íbúðarhúsa í öllu sveitarfélaginu.
14. **Samband Íslenskra sveitarfélaga: Fasteignaskattur á mannvirki tengd ferðapjónustu.**
Oddviti kynnti minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um ábendingar til sveitarfélaganna um fasteignaskatt á mannvirki tengd ferðapjónustu.
15. **Þjónustusvæði vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi. Fundargerð vorfundar frá 30. apríl s.l. Þjónustusamningur um málefni fatlaðs fólks.**
Oddviti kynnti fundargerð vorfundar þjónustusvæðis um málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi frá 30. apríl s.l. og nýjan þjónustusamning um málefni fatlaðs fólks. Sveitarstjórn samþykkir nýjan þjónustusamning um málefni fatlaðs fólks. Sveitarstjórn tekur undir bókun um nauðsyn þess að nægt fjármagn fái st. í málaflökkinn frá ríkinu.

16. Mýrarstígur 3. Forskaupsréttur.

Oddviti kynnti beiðni lóðarhafa á Mýrarstíg 3, Flúðum um að fallið yrði frá forskaupsrétti vegna aðilaskipta á lóðinni. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forskaupsrétti, sbr. lóðaleigusamningur dags. 7. júní 2007, vegna aðilaskiptanna.

17. Samband íslenskra sveitarfélaga: Skógræktarfélag Íslands.

Oddviti kynni erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem sveitarfélög eru hvött til að standa sameiginlega að gróðursetningu trjáplantna 27. júní með skógræktarfélögum í tilefni þess að 35 ár eru liðin síðan Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti Íslands, fyrst kvenna. Sveitarstjórn vísar málinu til Skógræktarfélags Hrunamannahrepps til ákvörðunar.

18. Íþróttasamstarf: Drög að samningi við Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Oddviti kynnti bókun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna samningsdraga þeirra um samstarfssamning vegna íþrótt- og æskulýðsstarfa. Sveitarstjórn skipar þau Elsu Ingjaldsdóttur, Árna Þór Hilmarsson og Jón G. Valgeirsson í samstarfshóp um samræmingu og skipulag íþrótt- og æskulýðsstarfs í sveitarfélagunum. Jafnframt verði skoðaðar, með UMFH, aðrar leiðir til að styrkur sveitarfélagsins til UMFH vegna afnota af íþróttahúsinu á Flúðum renni til íbúa Hrunamannahrepps.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

19. Veitustjórn: Fundargerð 7. fundar nefndarinnar frá 8. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 7. fundar veitustjórnar. Farið var yfir fyrirspurn um kostnað við lagningu á hita- og vatnsveitu í sumarhúsahverfi í Markarflöt úr landi Dalbæjar, aðalfund Hitaveitu Grafarhverfis ehf, skattmál Hitaveitu Flúða, starfsmannamál, staða á verkefni Stolt Sea Farm og stækkun á Límtré-Vírnet. Að fundi loknum var síðan farið í skoðunarferð. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

20. Umhverfisnefnd: Fundargerð 3. fundar nefndarinnar frá 8. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar umhverfisnefndar. Farið var yfir val á umhverfisverðlaunum Hrunamannahrepps 2015, rætt um kynningarferð til Reykjavíkur sem farin var til að skoða sorphirðufyrirtæki og síðan rætt um hugmyndir um lífræna flokkun í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:

21. Fundargerð 89. fundar skipulagsnefndar frá 13. maí s.l, og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 29. apríl s.l.

Mál nr. 26: Hvammsvegur. Aðalskipulagsbreyting.

Lögð var fram tillaga að lýsingu skipulagsverkefnis vegna breytingar á aðalskipulags Hrunamannahrepps 2003-2015 vegna breytingar á Hvammsvegi á 500 m kafla.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar.

Mál nr. 27: Kerlingarfjöll. Stofnun lóðar undir hálendismiðstöð.

Lagt fram lóðablað sem sýnir afmörkun 6,14 ha lóðar undir hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar að lóðin verði stofnuð með fyrirvara um samþykki Forsætisráðuneytisins. Þá gerir sveitarstjórn ekki athugasemdir við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 28: Lindarsel. Deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi lögbýlisins Lindarsels úr landi Efra-Langholts. Í breytingunni felst að byggingarréttur hesthúss færist ásamt ýmsum breytingum á ákvæðum deiliskipulagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar að um sé að ræða óverulega breytingu og að ekki þurfi að grenndarkynna hana.

Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda tillögu um breytingu á deiliskipulaginu skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 29: Afgreiðslur byggingafulltrúa frá 29. apríl.

Lagðar fram tilkynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 29. apríl s.l.

22. Fundargerð 90. fundar skipulagsnefndar frá 28. maí s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 20. maí s.l.

Mál nr. 9: Hvammsvegur. Aðalskipulagsbreyting.

Lögð var fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps vegna færslu Hvammsvegur. Lýsing aðalskipulagsbreytingar hvefur verið send umsagnaraðilum auk þess sem hún hefur verið auglýst í blöðum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að tillagan verði kynnt skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 10: Iðnaðarsvæði á Flúðum. Aðalskipulagsbreyting vegna gámasvæðis.

Lögð var fram að lokinni auglýsingu tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps vegna stækkunar á iðnaðarsvæði norðan Flúða sem notað hefur verið til móttöku úrgangs (gámasvæði), merkt P1. Er breytingin gerð í tengslum við nýtt deiliskipulag fyrir svæðið og fyrirætlanir um að bæta við starfsemi sem tengist meðhöndlun á lífrænum úrgangi og er gert ráð fyrir að svæðið stækki úr um 0,7 ha. í 3 ha. Tillagan var auglýst samhliða deiliskipulagi svæðisins þann 9. apríl s.l. með fresti til að skila inn athugasemdum til 22. maí s.l. Engar athugasemdir bárust.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir aðalskipulagsbreytinguna og felur skipulagsfulltrúa að senda hana til staðfestingar Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 11: Iðnaðarsvæði á Flúðum. Deiliskipulag vegna gámasvæðis.

Lögð var fram að lokinni auglýsingu tillaga að deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði á svæði norðan Flúða, merkt P1 á aðalskipulagi. Í dag er þar starfrækt móttökusvæði fyrir úrgang (gámasvæði) en með deiliskipulaginu er gert ráð fyrir stækkun svæðisins úr um 0,7 ha. í 3 ha. auk þess sem fyrirætlanir eru um að bæta við starfsemi sem tengist meðhöndlun á lífrænum úrgangi. Tillagan var auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu fyrir svæðið þann 9. apríl s.l. með fresti til að skila inn athugasemdum til 22. maí s.l. Engar athugasemdir bárust. Fyrir liggja umsagnir Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Íslands og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið óbreytt og felur skipulagsfulltrúa að senda hana til afgreiðslu Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 22: Afgreiðslur byggingafulltrúa frá 20. maí.

Lagðar fram tilkynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 20. maí s.l.

23. NOS: Fundargerð aukaaðalfundar frá 30. maí s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð 7. fundar aukafundar NOS. Farið var yfir skýrslu skóla- og velferðarþjónustunnar 2014, farið yfir drög af fjárhagslegu uppgjöru fyrir árið 2014, húsnæðismál skólalþjónustunnar og kosinn endurskoðandi. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Önnur mál:

24. Hammsvegur.

Oddviti lagði fram drög að samningi milli Vegagerðarinnar og Hrunamannahrepps um skil á Hvammsvegi til Hrunamannahrepps og uppbyggingu hans. Þá voru einnig lögð fram drög að samningi um uppbyggingu á Hvammsvegi milli Hrunamannahrepps, landeiganda og hagsmunaaðila við Hvammsveg um aðkomu þeirra að uppbyggingu vegarins. Sveitarstjórn samþykkir samningana og felur sveitarstjóra að undirrita þá. Kostnaður er áætlaður kr. 7.000.000 og skal þeim útgjöldum mætt með lántöku með viðauka við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. SASS: Fundargerð 491. fundar stjórnar frá 16. febrúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

b. SASS: Fundargerð 492. fundar stjórnar frá 6. mars s.l.

Lagt fram til kynningar.

c. SASS: Fundargerð 493. fundar stjórnar frá 8. apríl s.l.

Lagt fram til kynningar.

d. SASS: Fundargerð 494. fundar stjórnar frá 8. maí s.l.

Lagt fram til kynningar.

- e. **Háskólafélag Suðurlands ehf: Fundargerð aðalfundar frá 20. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- f. **Orlof húsmæðra.**
Lagt fram til kynningar.
- g. **Skólaþjónusta Árneshvíls: Könnun á líðan og heilbrigði nemenda í 5. bekk.**
Lagt fram til kynningar.
- h. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 828. fundar stjórnar frá 29. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- i. **Stolt Sea Farm.**
Lagt fram til kynningar.
- j. **Tæknisvið Uppsveita: Verkfundargerð nr. 1 vegna Högnastígs.**
Lagt fram til kynningar.
- k. **Tæknisvið Uppsveita: Verkfundargerð nr. 2 vegna Högnastígs.**
Lagt fram til kynningar.
- l. **Tæknisvið Uppsveita: Verkfundargerð nr. 3 vegna Högnastígs.**
Lagt fram til kynningar.
- m. **Hitaveita Flúða: Skattamál.**
Lagt fram til kynningar.
- n. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Bréf frá stjórnendum tónlistarskóla.**
Lagt fram til kynningar.
- o. **Skipulagsstofnun: Kostnaðarframlag vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps.**
Lagt fram til kynningar.
- p. **Skipulagsstofnun: Hvammsvegur.**
Lagt fram til kynningar.
- q. **Skipulagsstofnun: Mat á umhverfisáhrifum – C flokkur.**
Lagt fram til kynningar.
- r. **Sunnlenski skóladagurinn 2016: Fundargerð hugarflugsfundar frá 27. apríl s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- s. **Umhverfisstofnun: Endurskoðun á samningi Umhverfisstofnunar og sveitarfélaga um refaveiðar 2014-2016.**
Lagt fram til kynningar.
- t. **Varasjóður húsnæðismála: Lok verkefni um framlög til sveitarfélaga vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á almennum markaði.**
Lagt fram til kynningar.
- u. **Landskerfi bókasafna: Fundargerð aðalfundar 2015.**
Lagt fram til kynningar.
- v. **Samband íslenskra sveitarfélaga: „Best Practice“ samstarfsverkefni.**
Lagt fram til kynningar.
- w. **Umhverfisstofnun: Óheimilar auglýsingar meðfram vegum og annars staðar utan þéttbýlis.**
Lagt fram til kynningar.
- x. **Vegagerðin: Úthlutun úr styrkvegasjóði árið 2015.**
Lagt fram til kynningar.

Skýrslur á skrifstofu:

- y. **Attentus, manauður og framkvæmd: Mat á framkvæmd laga um leik- og grunnskóla.**
- z. **Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs: Ársreikningur 2014.**
- aa. **Hitaveita Grafarhverfis: Ársreikningur 2014.**
- bb. **Límtré Vírnet: Ársreikningur 2014.**
- cc. **Björgunarfélagið Eyvindur: Ársreikningur 2014.**
- dd. **Þjónusturáð Suðurlands: Árskýrsla 2014.**
- ee. **Háskólafélag Suðurlands ehf: Ársreikningur 2014.**

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16.50.